

1956 nr. 92 27. desember**Lög um að banna hnefaleika**

Tóku gildi 29. desember 1956. Breytt með L. 116/1990 (tóku gildi 31. des. 1990).

■ **1. gr.** Bönnuð er öll keppni eða sýning á hnefaleik. Enn fremur er bannað að kenna hnefaleik.

■ **2. gr.** Bönnuð er sala og notkun hnefaleiksglófa og ann-

arra tækja, sem ætluð eru til þjálfunar hnefaleikara. Í reglugerð skal ákveða, hvernig fara skuli með slík tæki, sem nú eru til í landinu.

■ **3. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal varða sektum . . .¹⁾ ef ekki liggur þyngri refsing við brotinu samkvæmt öðrum lögum.

¹⁾ L. 116/1990, 27. gr.